# Bjóðum ömmu og afa í ferðalag




**B**yrjum bíltúrinn á að fara á Þingvelli, njótum náttúrunnar og kíkjum á margmiðlunarsýninguna í fræðslumiðstöðinni á Hakinu - *www.thingvellir.is*

**N**æsta stopp er Laugarvatnshellar en þar er hægt að fá leiðsögn og fræðslu um hellana - *www.thecavepeople.is*

**Á** þriðja stoppi er gott að koma við í Hólabúðinni á Laugardalshólum og versla í matinn beint frá býli - *https://www.facebook.com/Laugardalshólar-107134037319278*

**T**ilvalið er að koma við í fjósinu á Efsta-Dal og fá sér ís og kaffi. - *www.efstidalur.is*

**E**ftir ísinn er förinni heitið á Geysi, þar er möguleiki á að ganga upp Laugarfellið til að fá gott útsýni yfir svæðið. - *http://www.sveitir.is/media/23/laugarfell-vid-geysi-converted.pdf*

**N**æst er Haukadalsskógur sem er tilvalið fyrir nestisstopp og sögustund af Bergþór í Bláfelli. - *https://www.skogur.is/is/thjodskogar/sudurland/haukadalsskogur* , - *http://www.sveitir.is/media/23/blafell-converted.pdf*

**S**vo er komið að því að stoppa á Gullfossi og fræðast um hana Sigríði í Brattholti.

**N**æst er er skemmtilegt að renna upp að Hruna, skoða kirkjuna og rifja saman upp þjóðsöguna um „Dansinn í Hruna“

**Þ**aðan er stutt í Samansafnið á Sólheimum og/eða heimsækja Dúkkusafnið á Flúðum - *www.facebook.com/samansafnið*

**A**ð lokum er upplagt að fara í Flúðasveppi og kynnast framleiðslunni og smakka. - *https://www.farmersbistro.is*